

Farmtrygging (A)

Skilmáli nr. M-2

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

Bótaskyldar áhættur

1. gr.

Vátrygging þessi bætir allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða, þó með þeim undantekningum sem segir í greinum nr. 4, 5, 6 og 7 hér að neðan.

2. gr.

Vátrygging þessi bætir samtjónsframlög og björgunarkostnað, sem jafnað er niður eða ákveðinn er samkvæmt flutningssamningnum og/eða gildandi lögum og venjum og stofnað er til í þeim tilgangi að forðast hverskonar tjón, önnur en þau, sem undanskilin eru í greinum nr. 4, 5, 6 og 7 og öðrum greinum í skilmálum þessum.

3. gr.

Vátrygging þessi bætir og hluta vátryggðs vegna skaðabótaskyldu, sem á hann kann að falla vegna ákvæðis í flutningssamningi um beggja sök í árekstri (Both to Blame Collision Clause) vegna tjóns, sem bótaskyld er samkvæmt vátryggingu þessari. Komi fram krafa skipseiganda á hendur vátryggðum vegna þessa ákvæðis fellst vátryggður á, að tilkynna það félaginu, sem áskilur sér rétt til, á sinn kostnað, að verja vátryggðan gegn slíkri kröfu.

Það sem bætist ekki

4. gr. Vátrygging þessi bætir aldrei það, sem hér er talið:

- 4.1. Tap, skemmdir eða kostnað, sem rekja má til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis vátryggðs.
- 4.2. Venjulegan leka, venjulega rýrnun í þunga eða rúmmáli, eðlilegt slit eða tæringu á hinu vátryggða.
- 4.3. Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum, eða af lélegum frágangi á hinu vátryggða. Undir þetta ákvæði fellur frágangur í gáma og flutningsvagna, en aðeins þegar gengið hefur verið frá hinu vátryggða áður en vátryggingin tók gildi, ellegar þegar vátryggður eða menn í hans þjónustu sáu um fráganginn.
- 4.4. Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af innri skemmd eða eðli hins vátryggða.
- 4.5. Tap, skemmdir eða kostnað, sem fyrst og fremst stafar af töf, jafnvel þótt töfin, hafi orðið vegna bótaskyldrar áhættu. Þetta gildir þó ekki um kostnað, sem fellur undir grein nr. 2 hér að framan.
- 4.6. Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum eiganda skips, leigutaka eða rekstraráðila þess.
- 4.7. Tap, skemmdir eða kostnað, sem leiðir af notkun stríðsvopns með atóm eða kjarnaklofnun og/eða samruna eða annarri hliðstæðri virkni eða geislavirkni.

5. gr.

- 5.1 Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af því að skip eða flutningsfar er óhaffært skip, flutningsfar, flutningstæki, gámur eða flutningsvagn er óhæfur til öruggs flutnings á hinu vátryggða, ef vátryggður sjálfur eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var, þegar hið vátryggða var lestað.
- 5.2 Félagið mun ekki bera fyrir sig þá vörn gegn bótakröfu, að skipið hafi ekki verið haffært eða hæft til flutnings á hinu vátryggða til ákvörðunarhafnar, ef hvorki vátryggður eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var.

6. gr. Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af:

- 6.1 Stríði, borgarastyrjöld, byltingu, vopnaðri eða óvopnaðri uppreisn, borgararóstum þessu samfara, eða fjandsamlegum aðgerðum af hendri stríðsaðila eða gegn honum.
- 6.2 Hernámi, töku með valdi (sjórán undanskilin), farbanni, fartöf eða kyrrsetningu og afleiðingum af þessu eða tilraunum til þessa.
- 6.3 Yfirgefnu tundurdufli, tundurskeyti, sprengju eða öðrum yfirgefnum stríðsvopnum.
7. gr. Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað, sem:
 - 7.1 Menn í verkfalli eða verkbanni valda, eða þátttakendur í vinnuóeirðum, uppötum eða borgararóstum,
 - 7.2 Stafar af verkföllum, verkbönnum, vinnuóeirðum, uppötum eða borgararóstum
 - 7.3 Hermdarverkamenn valda eða þátttakendur í pólitískum aðgerðum.

Gildistími

8. gr.

- 8.1 Vátryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn; þegar hið vátryggða er tekið úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu og heldur gildi á venjulegri flutningsleið og lýkur við það, sem fyrst gerist af þessu þrennu:
 - a) Við komu hins vátryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu.
 - b) Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum eða á leið þangað, sem vátryggður kann að velja annaðhvort til geymslu, sem ekki telst til venjulegrar flutningsleiðar eða sölu eða dreifingar eða
 - c) Sextíu dögum eftir að hið vátryggða var losað úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.
- 8.2 Ef hið vátryggða er losað í endanlegri uppskipunarhöfn og ákveðið verður, áður en vátryggingunni lýkur, að senda það annað en til ákvörðunarstaðarins, þá lýkur vátryggingunni eins og kveðið er á um hér að framan, en þó aldrei síðar en þegar flutningurinn til nýja ákvörðunarstaðarins hefst.
- 8.3 Vátryggingin heldur gildi sínu (með sömu ákvæðum um slit hennar eins og að ofan greinir og ákvæðum í grein nr. 9 hér á eftir) ef töf verður á ferð, sem vátryggður fær ekki um ráðið, svo og þegar vikið er af leið, losað er í neyð, endurlestað eða umskipað eða meðan á sérhverri breytingu á ferð stendur, ef þetta á sér stað samkvæmt heimild í flutningssamningi við eiganda skips eða leigutaka þess.

9. gr.

Ef flutningnum verður slitið áður en honum átti að ljúka eða flutningnum lýkur á annan hátt áður en hið váttryggða kemst til skila á ákvörðunarstaðnum, sbr. grein nr.8 hér að framan, og váttryggður fær engu um þetta ráðið, þá lýkur váttryggingunni um leið, nema váttryggður tilkynni félaginu þegar í stað um það, hvernig komið er og biður um framhaldstryggingu og heldur þá váttryggingin gildi sínu (gegn viðbótariðgjaldi, ef krafist verður) annaðhvort;

- a) þar til hið váttryggða er selt í slíkri höfn eða í 60 daga eftir komu hins váttryggða til slíkrar hafnar eða staðar, hvort heldur fyrr verður eða;
- b) ef hið váttryggða er sent áfram innan nefndra 60 daga til ákvörðunarstaðar, sem nefndur er í skírteini þessu eða annars ákvörðunarstaðar þar til váttryggingunni lýkur í samræmi við ákvæði 8. greinar hér að framan.

10. gr.

Ef váttryggður breytir um ákvörðunarstað eftir að váttryggingin hófst, skal hann tilkynna það félaginu tafarlaust. Félagið mun þá halda váttryggingunni í gildi með þeim breytingum á skilmálum og iðgjaldi sem um semst.

Tjónakröfur

11. gr.

- 11.1 Váttryggður getur ekki krafist félagið um bætur, nema hann hafi átt váttryggingarhæfa hagsmuni í hinu váttryggða á þeim tíma, þegar tjón varð.
- 11.2 Nú verður bótaskyld tjón á váttryggingartímabilinu, en þó áður en gengið hafði verið frá váttryggingarsamningum, og á þá váttryggður rétt á bótum, nema hann hafi vitað um tjónið, en félagið ekki, enda ákvæðum greinar 11.1 fullnægt.

12. gr.

Ef umsaminni ferð verður slitið áður en henni lýkur, vegna bótaskyldrar áhættu, bætir félagið eðlilegan kostnað við að losa hið váttryggða, geyma það og senda áfram til ákvörðunarstaðar váttryggingarinnar. Ákvæði 12. greinar gildir ekki um samtjónsframlög og björgun, og er háð ákvæðum í greinum nr. 4, 5, 6 og 7 hér að framan svo og nær váttryggingin ekki til kostnaðar, ef hann stafar af yfirsjón, vanrækslu, gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum váttryggðs eða manna í hans þjónustu.

13. gr.

Tjón telst ekki jafngilda altjóni, nema hið váttryggða hafi verið yfirgefið, annaðhvort vegna þess, að algjört tjón á því hafi virst óumflýjanlegt, eða kostnaður við að bjarga því, gera við það og senda það áfram til ákvörðunarstaðar váttryggingarinnar fari fram úr verði þess þar.

14. gr.

- 14.1 Taki váttryggður verðaukatryggingu á því, sem váttryggt er samkvæmt skírteini þessu, telst umsamið verðmæti þess hækka og verða samanlögð upphæð þessarar váttryggingar og allra verðaukatrygginga. Félagið bætir þá tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skírteinis er miðað við heildarváttryggingarverðið. Ef tjón verður er váttryggðum skylt að sanna fyrir félaginu váttryggingafjárhæðir allra annarra váttrygginga.
- 14.2 Ef þessi váttrygging er verðaukatrygging gilda eftirfarandi ákvæði:
Umsamið verð hins váttryggða telst vera samanlagt váttryggingarverð upphaflegu váttryggingarinnar og allra verðaukatrygginga, sem váttryggður hefur tekið og bætir þá félagið tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skírteinis er miðað við heildarváttryggingarverðið. Ef tjón verður er váttryggðum skylt að sanna fyrir félaginu váttryggingafjárhæðir allra annarra váttrygginga.

Hagsmunir af váttryggingunni

15. gr.

Farmflytjandi og aðrir vörslumenn hins váttryggða, meðan á flutningi stendur, njóta ekki váttryggingarverndar samkvæmt skírteini þessu.

Skyldur váttryggðs

16. gr.

Þegar hætta er á, að bótaskyld tjón verði eða eftir að tjón hefur orðið, er váttryggðum og mönnum í hans þjónustu og umboðsmönnum hans skylt að:

- a) gera ráðstafanir, sem sanngjarnlega má af þeim krefjast til að afstýra tjóninu eða draga úr því og
- b) tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda og öllum öðrum aðilum haldist og verði beitt og mun félagið greiða allan sanngjarnan kostnað þessu samfara auk váttryggingarbóta fyrir tjónið.

17. gr.

Ráðstafanir, sem váttryggður eða félagið gerir til að bjarga, vernda eða endurheimta hið váttryggða, skal ekki litið á sem afsal eða samþykki á altjóni né rýra rétt hvorugs aðila.

Tafir

18. gr.

Það er skilyrði fyrir váttryggingu þessari, að váttryggður bregðist í öllum tilvikum eins fljótt við og sanngjarnlega má ætlast til af honum.

Athugið vel: - Ef upp koma tilvik þar sem váttryggingu þessari er haldið áfram í gildi, er nauðsynlegt, að váttryggður tilkynni félaginu það án tafar. Réttur til slíkrar áframhaldandi váttryggingarverndar er háður því, að skyldu þessari verði fullnægt.

UNDANÞÁGUÁKVÆÐI UM GEISLAMENGUN

Sérskilmáli þessi gildir framar öllum öðrum ákvæðum váttryggingar þessarar sem kunna að stangast á við hann. Váttryggingin bætir ekki í neinum tilvikum tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

- a) jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
- b) geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;
- c) hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Skilmáli þessi gildir frá 10.06.2005